



# UMHVERFISSTOFNUN

## Flug í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Samráðsfundur með flugrekendum

27. nóvember 2009



# Rýmkun á gildissviði viðskiptakerfisins fyrir flug til Íslands og Noregs

- Íslensk og norsk stjórnvöld hafa nú samþykkt með formlegum hætti að gildissvið viðskiptakerfisins, að því er varðar flug, verði rýmkað til Íslands og Noregs.
- Stjórnvöld hafa ákveðið að ekki verið óskað eftir aðlögun fyrir innanlandsflug.
- Því má búast við að eftirtaldar flugleiðir falli undir kerfið frá 1. janúar 2012:

**EES- viðbótarflugleiðir:**

**-flug innanlands**

**-flug milli Íslands og Noregs**

**-flug milli Íslands/Noregs og ríkja utan ESB, þ.á m. til Bandaríkjana, Grænlands, Færeyja og Sviss**



# Rýmkun á gildissviði viðskiptakerfisins fyrir flug til Íslands og Noregs

- Stefnt að því að taka tilskipun 2008/101/EB upp í EES-samninginn og innleiða kröfur hennar í íslenskan rétt á næstu mánuðum.
- Stefnt að því að taka ákvörðun 2009/339/EB (leiðbeiningarreglur um eftirlit og upplýsingagjöf í flugi) upp í EES-samninginn 4. desember nk.
- Fyrirhugað samráð við samtök flugrekenda á fundi í Brussel 10. desember nk., í samstarfi við norsk stjórnvöld og framkvæmdastjórn ESB.



# Áhrif á flugrekendur sem fljúga eingöngu innanlands og/eða milli Íslands og ríkja utan ESB

- Starfsemi þessar flugrekenda mun falla undir viðskiptakerfið vegna rýmkunar á gildissviði þess til Íslands og Noregs.
- Þurfa að safna upplýsingum um EES-viðbótarflugleiðirnar frá 1. janúar 2010.
  - Upplýsingasöfnun þarf að samræmast kröfum tilskipunar 2008/101/EB og ákvörðunar 2009/339/EB.
  - Upplýsingasöfnun skal ennfremur byggjast á eftirlitsáætlunum sem flugrekandi útbýr og þurfa að hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun fyrir árslok.



# Áhrif á flugrekendur sem fljúga eingöngu innanlands og/eða milli Íslands og ríkja utan ESB

- Endurgjaldslaus úthlutun losunarheimilda er reiknuð út frá upplýsingum um starfsemi flugrekenda árið 2010.
- Umhverfisstofnun hvetur þessa flugrekendur því eindregið til að senda Umhverfisstofnun útfylltar eftirlitsáætlanir, í síðasta lagi 10. desember nk., og hefja upplýsingasöfnun frá 1. janúar 2010.
  - Á ekki við ef starfsemi flugrekenda er undanskilin gildissviði tilskipunar 2008/101/EB, sbr. viðauka I við hana.
  - Upplýsingar um form og efni eftirlitsáætlana, sjá tengla í bréfi Umhverfisstofnunar til flugrekenda, dags. 18. nóvember sl.
  - Hægt að senda fyrirspurnir á póstfangið [flug@ust.is](mailto:flug@ust.is).



## Áhrif á flugrekendur sem fljúga innan ESB

- **Flug þessara flugrekenda inn á ESB-svæðið fellur nú þegar undir viðskiptakerfið, en vegna rýmkunar á gildissviði kerfisins til Íslands og Noregs mun kerfið nú einnig ná til EES-viðbótarflugleiðanna.**
- **Aðildarríkjum ESB hefur verið tilkynnt um stækkun kerfisins og þau beðin um að miða undirbúningsaðgerðir sínar við að kerfið gildi á öllu EES-svæðinu.**
- **Flugrekendur skráðir á Íslandi munu væntanlega flytjast undir ábyrgðarsvið Íslands á næsta ári. Eftirlitsáætlanir sem hafa verið sendar núverandi ábyrgðarríkjum munu halda gildi sínu.**
- *Ath. Ef flugrekandi flýgur inn á ESB-svæðið en er nú undir mörkum viðauka I um losun (10 þús. tonn árlega) eða umfang starfsemi (243 flugferðir á hverju af þremur samliggjandi fjögurra mánaða tímabilum) gæti hann fallið undir kerfið ef EES-viðbótarflugleiðirnar leiða til þess að hann fer yfir framangreind mörk.*



# Áhrif á flugrekendur sem fljúga innan ESB

- Nauðsynlegt að notað sé sama viðmiðunarár, 2010, vegna EES-viðbótarflugleiðanna.
- **Umhverfisstofnun hvetur þessa flugrekendur því eindregið til að safna einnig upplýsingum um EES-viðbótarflugleiðir frá 1. janúar 2010.**
  - Ef söfnun viðbótarupplýsinga kallar á notkun breyttrar aðferðafræði við vöktun losunar þarf að senda lögbæru yfirvaldi í núverandi ábyrgðarríki tilkynningu um það.
  - Ef um er að ræða verulega breytingu á aðferðafræði kann flugrekandi að þurfa að uppfæra eftirlitsáætlun sína.
  - Sjá nánar 3. mgr. 6. kafla XIV. viðauka ákvörðunar 2009/339/EB.
  - Ef vafamál koma upp er æskilegast að samráð sé haft við lögbært yfirvald í núverandi ábyrgðarríki, en einnig er hægt að senda fyrirspurn á [flug@ust.is](mailto:flug@ust.is).



UMHVERFISSTOFNUN

# **NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN**

